



6. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 29. október 1999

Dagskrá:

1. Undirbúningur kjarasamninga
2. Skoðunarferð
3. Skipulagsmál ASÍ
4. Rafiðnaðarskólinn
5. Tólstundaskólinn
6. Önnur mál.

Fundur settur kl 14:00.

Við upphaf fundar var tveggja félagar, þeirra Böðvars Björgvinssonar og Jóns Kjartanssonar minnst en þeir féllu frá við störf sín í hörmulegu slysi á Mývatni.

1. Undirbúningur kjarasamninga:

Fram kom að kröfugerðir fyrir almenna samninginn séu langt á veg komnar, hið sama má segja um samninginn við ríki og Reykjavíkurborg. Fundarherferð hefur verið ákveðin þar sem drögin verða kynnt og leitað nýrra hugmynda.

Fram kom að Rafiðnaðarmenn ásamt Samiðnamönnum sem vinna í Áburðarverksmiðjunni hafni samfloti með VR og Eflingu í næstu samningum. Fram kom að vegna einkavæðingar verksmiðjunnar væri eðlilegast að fella samninginn að hinum almenna.

2. Skoðunarferð RSÍ

Rætt var um skoðunarferð sem RSÍ skipulagði þar sem kynna átti Sultartanga og Vatnsfellsvirkjanir.

Lögð voru fram gögn um kostnað og kostnaðarskiptingu við síðustu kjaramálaráðstefnu. Skipuð var þriggja manna nefnd til að koma með tillögur um hvernig þeim skuli háttað í framtíðinni.

Ómar Baldursson, Rúnar Bachmann og Oddur Sigurðsson voru skipaðir í nefndina.

3. Skipulagsmál ASÍ.

Forsetar hafa haft samband við forustumenn RSÍ og óskað eftir að við tækjum átt í því starfi að skapa nýtt skipulag innan ASÍ. Samþykkt var að fulltrúar RSÍ mættu á Sambandstjórnafund ASÍ til þess að meta stöðuna.

4. Rafiðnaðarskólinn

Jón Árni Rúnarsson sagði frá því sem er að gerast í menntageira samtakanna, hvaða möguleika við hefðum til útvíkkunar og hvað væri nauðsynlegt í þeim efnum.

5. Tómskundaskólinn

Hin árlega beiðni frá Tómskundaskólanum Mími samþykkt. Iðnnemasambandið hefur óskað eftir 100.000 króna styrk vegna þings þeirra, beiðnin samþykkt.

7. Önnur mál.

Greint var frá því að 7 menn á vegum RSÍ eru á námskeiðum hjá Félagsmálaskóla Alþýðu.

Fram kom tillaga um að tímabært væri að breyta stofni félagsgjalda RSÍ og aðildarfélaga. Tillögunni var vísað til sömu nefndar og kostanaskiptingin til skoðunar.

Orlofsnefnd var falið að skoða punktasöfnun ellilífeyrisþega og möguleika þeirra til að fá orlofshús, nefndin skili greinagerð til miðstjórnar.

Kynntar voru breytingar á Apavatnshúsunum og greint frá því að þær hafi reynst dýrari en áætlað var, ákveðið að fara fram á að iðnaðarmenn gerðu grein fyrir ástæðum.

Fundi slitið kl 17:15. Haukur Ágústsson.